

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/1564

2020/EES/87/08

frá 13. september 2017

um tiltekna leyfilega notkun á tilteknum verkum og öðru efni sem er verndað af höfundarrétti og skyldum réttindum í þágu blindra, sjónskertra eða þeirra sem glíma við aðra prentleturshömlun og um breytingu á tilskipun 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Réttargerðir Sambandsins á sviði höfundarréttar og skyldra réttinda veita réttihöfum verka réttarvissu og víðtæka vernd og mynda samræmdan lagaramma. Ramminn stuðlar að eðlilegri starfsemi innri markaðarins og örvar nýsköpun, sköpun, fjárfestingu og framleiðslu nýs efnis, m.a. í stafrænu umhverfi. Hann miðar einnig að því að stuðla að aðgengi fólks að þekkingu og menningu með því að vernda verk og annað efni og með því að heimila undantekningar eða takmarkanir sem eru í þágu almannahagsmuna. Viðhalda ætti réttlátu jafnvægi, að því er varðar réttindi og hagsmuni, milli rétthafa verka og notenda.
- 2) Tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB (3), 2001/29/EB (4), 2006/115/EB (5) og 2009/24/EB (6) samræma réttindi rétthafa verka á sviði höfundarréttar og skyldra réttinda. Í þessum tilskipunum, ásamt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB (7), er tæmandi skrá yfir undantekningar frá og takmarkanir á þessum réttindum sem heimila notkun efnis án samþykkis rétthafans við tilteknar aðstæður til þess að ná tilteknum stefnumarkmiðum.
- 3) Þeir sem eru blindir, sjónskertir eða glíma við aðra prentleturshömlun standa áfram frammi fyrir mörgum hindrunum í vegi fyrir aðgengi að bókum og öðru prentuðu efni sem nýtur verndar höfundarréttar og skyldra réttinda. Með tilliti til réttinda blindra, sjónskertra eða þeirra sem glíma við annars konar prentleturshömlun, eins og viðurkennt er í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálanum um grundvallarréttindi“) og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, ætti að gera ráðstafanir til þess að auka framboð á bókum og öðru prentuðu efni á aðgengilegu formi og bæta dreifingu þeirra á innri markaðnum.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 242, 20.9.2017, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 125, 21.4.2017, bls. 27.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 6. júlí 2017 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 17. júlí 2017.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna (Stjtið. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtið. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB frá 12. desember 2006 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarrétti, á sviði hugverkaréttar (Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 28).

(6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/24/EB frá 23. apríl 2009 um lögvernd fyrir tölvuforrit (Stjtið. ESB L 111, 5.5.2009, bls. 16).

(7) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB frá 25. október 2012 um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum (Stjtið. ESB L 299, 27.10.2012, bls. 5).

- 4) Marrakess-sáttmálinn um að greiða fyrir aðgengi þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða glíma við aðra prentleturshömlun að útgefnum verkum („Marrakess-sáttmálinn“) var undirritaður fyrir hönd Sambandsins 30. apríl 2014 <sup>(1)</sup>. Hann miðar að því að auka framboð og miðlun yfir landamæri á tilteknum verkum og öðru vernduðu efni á aðgengilegu formi fyrir þá sem eru blindir, sjónskertir eða glíma við aðra prentleturshömlun. Í Marrakess-sáttmálanum er þess krafist að samningsaðilar setji fram undantekningar frá eða takmarkanir á höfundarrétti og skyldum réttindum til að gera og dreifa eintökum á aðgengilegu formi af tilteknum verkum og öðru vernduðu efni og til að miðla þessum eintökum yfir landamæri. Aðild Sambandsins að Marrakess-sáttmálanum kallar á að lög Sambandsins séu aðlöguð með því að koma á skyldubundinni og samræmdri undantekningu fyrir þá notkun, þau verk og þá réttthafa þjónustu sem umræddur sáttmáli tekur til.
- 5) Samkvæmt álit Dómstóls Evrópusambandsins 3/15 <sup>(2)</sup> þurfa undantekningar frá eða takmarkanir á höfundarrétti og skyldum réttindum til að gera og dreifa eintökum tiltekinna verka og annars efnis á aðgengilegu formi, sem kveðið er á um í Marrakess-sáttmálanum, að koma til framkvæmda innan sviðsins sem er samræmt með tilskipun 2001/29/EB.
- 6) Með þessari tilskipun koma til framkvæmda með samræmdum hætti þær skyldur sem Sambandið þarf að uppfylla samkvæmt Marrakess-sáttmálanum, með það fyrir augum að tryggja að samsvarandi ráðstöfunum sé beitt með samræmdum hætti á öllum innri markaðnum. Því ætti þessi tilskipun að setja fram skyldubundna undantekningu frá þeim réttindum sem eru samræmd í lögum Sambandsins og eiga við um þá notkun og þau verk sem falla undir Marrakess-sáttmálann. Meðal þessara réttinda eru einkum réttur til eftirgerðar, til miðlunar til almennings, til að gera efni aðgengilegt almenningsi, til dreifingar og útláns, eins og kveðið er á um í tilskipunum 2001/29/EB, 2006/115/EB og 2009/24/EB, sem og samsvarandi réttindi sem kveðið er á um í tilskipun 96/9/EB. Þar eð gildissvið þeirra undantekninga eða takmarkana sem krafist er samkvæmt Marrakess-sáttmálanum nær einnig til verka á hljóðformi, s.s. hljóðbóka, ætti skyldubundna undantekningin sem kveðið er á um í þessari tilskipun einnig að gilda um skyld réttindi.
- 7) Þessi tilskipun varðar þá sem eru blindir, hafa skerta sjón sem ekki er unnt að bæta þannig að ná megi sjónhæfni sem er að mestu leyti sambærileg sjónhæfni einstaklings sem býr ekki við slíka skerðingu, þá sem hafa skerta getu til skynjunar eða lestrar, þ.m.t. lesblindu eða aðra námserfiðleika sem hindrar þá í að lesa prentað efni í nokkurn veginn sama mæli og þeir sem ekki búa við slíka fötlun, og þá sem geta ekki, vegna líkamlegrar fötlunar, haldið á bók eða meðhöndlað hana eða náð sjónskerpu eða hreyft augun að því marki að viðunandi sé til að geta lesið, að því marki sem þessir einstaklingar geta ekki, vegna slíkrar skerðingar eða fötlunar, lesið prentað mál í nokkurn veginn sama mæli og einstaklingur sem er án slíkrar skerðingar eða fötlunar. Þessari tilskipun er því ætlað að bæta framboð á bókum, m.a. raðbókum, fréttablöðum, dagblöðum, tímaritum og annars konar rituðu efni, táknum, þ.m.t. nótnablöðum, og öðru prentuðu efni, einnig á hljóðformi, hvort heldur er stafrænt eða hliðrænt, á Netinu eða utan þess, á formi sem gerir þessi verk og annað efni aðgengilegt þessum einstaklingum í nokkurn veginn sama mæli og einstaklingum án slíkrar skerðingar eða fötlunar. Aðgengilegt form er m.a. blindraletur, stórt prentletur, aðlagðar raðbækur, hljóðbækur og útsendingar hljóðvarps.
- 8) Skyldubundna undantekningin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ætti að takmarka rétt til eftirgerðar þannig að leyfð sé hvers konar aðgerð sem er nauðsynleg til að gera breytingar á eða umbreyta eða aðlaga verk eða annað efni þannig að hægt sé að gera eintak á aðgengilegu formi sem gerir aðgengi að umræddu verki eða öðru efni mögulegt fyrir réttthafa þjónustu. Undir þetta fellur að sjá fyrir nauðsynlegum leiðum til að vafra um upplýsingar í eintaki á aðgengilegu formi. Hún tekur einnig til breytinga sem kynnu að vera nauðsynlegar í tilvikum þar sem form verks eða annars efnis er þegar aðgengilegt tilteknum rétthöfum þjónustu en er ekki aðgengilegt öðrum rétthöfum þjónustu vegna annars konar skerðinga eða fötlunar, eða mismunandi stigs slíkra skerðinga eða fötlunar.
- 9) Leyfð notkun, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, ætti að ná yfir gerð eintaka á aðgengilegu formi af hálfu annaðhvort réttthafa þjónustu eða viðurkenndra eininga sem sinna þörfum þeirra, hvort sem téðar einingar eru opinberar eða einkareknar stofnanir, einkum bókasöfn, menntastofnanir og aðrar stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskygni, sem hafa þjónustu við fólk með prentleturshömlun sem hluta af aðalstarfsemi sinni, stofnanaskuldbindingu eða hlutverki sínu við að veita þjónustu í almannabágu. Notkun sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun ætti einnig að ná yfir það

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins 2014/221/ESB frá 14. apríl 2014 um undirritun, fyrir hönd Sambandsins, á Marrakess-sáttmálanum um að greiða fyrir aðgengi þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða glíma við aðra prentleturshömlun að útgefnum verkum (Stjúd. ESB L 115, 17.4.2014, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Álit Dómstólsins frá 14. febrúar 2017, 3/15, ECLI:EU:C:2017:114, 112. mgr.

Þegar eintök á aðgengilegu formi, sem eingöngu eru ætluð til nota fyrir réttthafa þjónustu, eru gerð af einstaklingi fyrir hönd réttthafa þjónustu eða viðkomandi einstaklingur aðstoðar réttthafa þjónustunnar við gerð slíkra eintaka. Aðeins ætti að gera eintök á aðgengilegu formi af verkum eða öðru efni sem réttthafar þjónustu eða viðurkenndar einingar hafa lögmatan aðgang að. Aðildarríki ættu að tryggja að hvers kyns samningsákvæði, sem miða að því að hindra eða takmarka beitingu undantekningarinnar á einhvern hátt, hafi engin réttaráhrif.

- 10) Undantekningin sem kveðið er á um í þessari tilskipun ætti að leyfa viðurkenndum einingum að gera og dreifa, á Netinu og utan þess, eintökum á aðgengilegu formi af verkum eða öðru efni sem fellur undir þessa tilskipun. Þessi tilskipun ætti ekki að leggja skyldu á viðurkenndar einingar til að gera slík eintök og dreifa þeim.
- 11) Eintök á aðgengilegu formi, sem eru gerð í einu aðildarríki, ættu að geta verið í boði í öllum aðildarríkjum til að tryggja víðtækara framboð þeirra á öllum innri markaðnum. Þetta myndi draga úr þörf á tvíverknaði við að framleiða eintök á aðgengilegu formi af sama verki eða öðru efni í öllu Sambandinu og þar með stuðla að sparnaði og aukinni skilvirkni. Þessi tilskipun ætti þess vegna að tryggja að eintökum á aðgengilegu formi, sem eru gerð af viðurkenndum einingum í hvaða aðildarríki sem er, megi dreifa og að réttthafar þjónustu og viðurkenndar einingar geti haft aðgang að þeim í öllu Sambandinu. Til þess að styðja við slíka miðlun yfir landamæri og til að auðvelda viðurkenndum einingum að finna hver aðra og eiga samstarf sín á milli ætti að hvetja til þess að upplýsingum sé miðlað, að eigin frumkvæði, um heiti og samskiptaupplýsingar viðurkenndra eininga með staðfestu í Sambandinu, þ.m.t. vefsetur ef þau eru tiltæk. Aðildarríki ættu því að láta framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem þau fá frá viðurkenndum einingum. Þetta ætti ekki að fela í sér skyldu fyrir aðildarríkin til að kanna hvort slíkar upplýsingar eru heildstæðar og nákvæmar eða hvort þær eru í samræmi við landslög sín sem leiða þessa tilskipun í lög. Framkvæmdastjórnin ætti að gera slíkar upplýsingar tiltækar á Netinu á miðlægum aðgangsstað fyrir upplýsingar á vettvangi Sambandsins. Þetta myndi einnig auðvelda viðurkenndum einingum, sem og rétthöfum þjónustu og rétthöfum verka, að hafa samband við viðurkenndar einingar til að fá frekari upplýsingar, í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í þessari tilskipun og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1563 <sup>(1)</sup>. Miðlægi aðgangsstaðurinn fyrir upplýsingar sem nefndur er hér að framan ætti að koma til viðbótar miðlæga aðgangsstaðnum fyrir upplýsingar sem alþjóðaskrifstofa Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) á að koma á fót skv. Marrakess-sáttmálanum, og sem ætlað er auðvelda viðurkenndum einingum að finna hver aðra og eiga samstarf sín á milli á alþjóðavettvangi.
- 12) Til þess að bæta framboð á eintökum á aðgengilegu formi og koma í veg fyrir óleyfilega dreifingu verka eða annars efnis ættu viðurkenndar einingar, sem starfa við að dreifa eintökum á aðgengilegu formi, miðla þeim til almennings eða gera þau aðgengileg almenningi, að uppfylla tilteknar skyldur.
- 13) Kröfur um viðurkenningu eða samþykki, sem aðildarríki kunna að gera til viðurkenndra eininga, s.s. vegna veitingar almennrar þjónustu til réttthafa þjónustu, ættu ekki að koma í veg fyrir að einingar, sem falla undir skilgreininguna á viðurkenndri einingu samkvæmt þessari tilskipun, ráðist í þá notkun sem er leyfð samkvæmt þessari tilskipun.
- 14) Í ljósi hins sérstaka eðlis undantekningarinnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun, sértæks gildissviðs hennar og þarfar þeirra, sem njóta góðs af henni fyrir réttarvissu ætti aðildarríkjum ekki að vera heimilt að kveða á um frekari kröfur vegna beitingar undantekningarinnar en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, s.s. fyrirframsannprófunar á því hvort verk á aðgengilegu formi séu í boði á markaði. Aðildarríkjum ætti aðeins að vera heimilt að taka upp bótakerfi að því er varðar leyfða notkun verka eða annars efnis af hálfu viðurkenndra eininga. Til þess að íþyngja ekki rétthöfum þjónustu og koma í veg fyrir hindranir á miðlun eintaka á aðgengilegu formi yfir landamæri og óhóflugar kröfur til viðurkenndra eininga er mikilvægt að möguleikar aðildarríkja á að taka upp slík bótakerfi séu takmarkaðir. Af þessum sökum ættu bótakerfi ekki að krefjast greiðslna af hálfu réttthafa þjónustu. Þau ættu aðeins að gilda um notkun viðurkenndra eininga með staðfestu á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem setur slíkt kerfi og þau ættu ekki að krefjast greiðslu af hendi viðurkenndra eininga með staðfestu í öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum sem eru aðilar að Marrakess-sáttmálanum. Aðildarríki ættu að tryggja að slík bótakerfi hafi ekki í för með sér meira íþyngjandi kröfur varðandi miðlun eintaka á aðgengilegu formi yfir landamæri en sem gilda þegar ekki er um miðlun yfir landamæri að ræða, þ.m.t. að því er varðar form og hugsanlegt umfang bóta. Þegar umfang bóta er ákvarðað ætti að taka tilhlýðilegt

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1563 frá 13. september 2017 um miðlun yfir landamæri á eintökum á aðgengilegu formi af tilteknum verkum og öðru efni, sem er verndað af höfundarrétti og skyldum réttindum, milli Sambandsins og þriðju landa, í þágu blindra, sjónskertra eða þeirra sem glíma við aðra prentleturshömlun (Stjttíð. ESB L 242, 20.9.2017, bls. 1).

tillit til þess að starfsemi viðurkenndra eininga er ekki í hagnaðarskyni, til þeirra markmiða sem varða almannahagsmuni sem þessi tilskipun stefnir að, til hagsmuna þeirra sem njóta góðs af undantekningunni, til mögulegs tjóns fyrir rétthafa verka og til nauðsynjar þess að tryggja miðlun eintaka á aðgengilegu formi yfir landamæri. Einnig ætti að taka tillit til sérstakra aðstæðna í hverju tilviki sem leiðir af gerð tiltekins eintaks á aðgengilegu formi. Ef tjón rétthafa verks er óverulegt ætti ekki að vera skylt að greiða bætur.

- 15) Við hvers kyns vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt þessari tilskipun er brýnt að virða grundvallarréttindi, þ.m.t. réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttinn til verndar persónuupplýsingum skv. 7. og 8. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi, og nauðsynlegt er að slík vinnsla sé einnig í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB <sup>(1)</sup> og 2002/58/EB <sup>(2)</sup>, sem gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem viðurkenndar einingar kunna að inna af hendi innan ramma þessarar tilskipunar og undir eftirliti lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, einkum opinberra óháðra yfirvalda sem aðildarríkin tilnefna.
- 16) Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Sambandið er aðili að, tryggir fólki með fötlun rétt til aðgengis að upplýsingum og menntunar og rétt til þátttöku í menningar-, efnahags- og félagslífi til jafns við aðra. Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks eru samningsaðilar skuldbundnir til að gera allar viðeigandi ráðstafanir, samkvæmt reglum þjóðaréttar, til þess að tryggja að í lögum, sem vernda hugverkarétt, séu ekki ákvæði sem koma á ósanngjarnan hátt, eða með einhverjum þeim hætti sem hefur mismunun í för með sér, í veg fyrir að fatlað fólk hafi aðgang að menningarefni.
- 17) Samkvæmt sáttmálanum um grundvallarréttindi er hvers konar mismunun, þ.m.t. á grundvelli fötlunar, bönnuð og réttur einstaklinga með fötlun til að njóta góðs af ráðstöfunum sem ætlað er að tryggja þeim sjálfstæði, þátttöku í félags- og atvinnulífi og samfélaginu er viðurkenndur og virtur af Sambandinu.
- 18) Með samþykkt þessarar tilskipunar vill Sambandið stuðla að því að rétthafar þjónustu hafi aðgang að bókum og öðru prentuðu efni á aðgengilegu formi á öllum innri markaðnum. Til samræmis við það er þessi tilskipun mikilvægt fyrsta skref í átt að því að bæta aðgengi fólks með fötlun að verkum.
- 19) Framkvæmdastjórnin ætti að meta ástandið varðandi framboð á aðgengilegu formi á verkum og öðru efni, öðru en því sem fellur undir þessa tilskipun, sem og framboð á verkum og öðru efni á aðgengilegu formi fyrir fólk með annars konar fötlun. Mikilvægt er að framkvæmdastjórnin fari náið yfir stöðuna í þessu tilliti. Íhuga mætti breytingar á gildissviði þessarar tilskipunar, ef nauðsyn krefur, á grundvelli skýrslu sem framkvæmdastjórnin leggur fram.
- 20) Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að viðhalda undantekningu eða takmörkun í þágu fólks með fötlun í tilvikum sem falla ekki undir þessa tilskipun, einkum að því er varðar verk og annað efni og fötlun sem ekki falla undir þessa tilskipun, skv. b-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB. Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki kveði á um undantekningar frá eða takmarkanir á réttindum sem eru ekki samræmd innan ramma Sambandsins á sviði höfundarréttar.
- 21) Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmálanum um grundvallarréttindi og í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Túlka ber og beita þessari tilskipun í samræmi við þau réttindi og meginreglur.
- 22) Í Marrakess-sáttmálanum eru lagðar á tilteknar skyldur að því er varðar miðlun eintaka á aðgengilegu formi milli Sambandsins og þriðju landa sem eru aðilar að þeim sáttmála. Ráðstafanir Sambandsins til að uppfylla umræddar skyldur er að finna í reglugerð (ESB) 2017/1563, sem ætti að túlka í tengslum við þessa tilskipun.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31). Sú tilskipun fellur úr gildi 25. maí 2018 og í hennar stað kemur, og tekur gildi, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndar-reglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafræna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

- 23) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta aðgengi í Sambandinu að verkum og öðru efni sem er verndað af höfundarrétti og skyldum réttindum fyrir þá sem eru blindir, sjónskertir eða glíma við aðra prentleturshömlun, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópu-sambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 24) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl <sup>(1)</sup> hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerna. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Efni og gildissvið

Þessi tilskipun miðar að frekari samræmingu á gildandi löggjöf Sambandsins um höfundarrétt og skyld réttindi innan ramma innri markaðsins, með því að koma á reglum um notkun á tilteknum verkum og öðru efni án samþykkis rétthafa þeirra í þágu blindra, sjónskertra eða þeirra sem glíma við aðra prentleturshömlun.

##### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „verk eða annað efni“: verk í formi bókar, fréttablaðs, dagblaðs, tímarits eða annars konar ritaðs efnis, tákunar, þ.m.t. nótnablöð, ásamt tengdum myndskreytingum, á hvers konar miðlum, einnig á hljóðformi, s.s. hljóðbækur, og á stafrænu formi, sem er verndað af höfundarrétti eða skyldum réttindum og sem er birt eða gert aðgengilegt almenningi löglega með öðrum hætti,
- 2) „rétthafi þjónustu“: einstaklingur sem, án tillits til annars konar fötlunar:
  - a) er blindur,
  - b) hefur skerta sjón, sem er ekki unnt að bæta þannig að ná megi sjónhæfni sem er að mestu leyti sambærileg sjónhæfni einstaklings sem býr ekki við slíka skerðingu, og getur þar af leiðandi ekki lesið prentað mál í nokkurn veginn sama mæli og einstaklingur sem er án slíkrar skerðingar,
  - c) hefur skerta getu til skynjunar eða lestrar og getur þar af leiðandi ekki lesið prentað mál í nokkurn veginn sama mæli og einstaklingur sem er án slíkrar fötlunar eða
  - d) getur ekki á annan hátt, vegna líkamlegrar fötlunar, haldið á bók eða meðhöndlað hana eða náð sjónskerpu eða hreyft augun að því marki að viðunandi sé til að geta lesið,
- 3) „eintak á aðgengilegu formi“: eintak verks eða annars efnis, gert með sérstökum hætti eða á formi sem veitir rétthafa þjónustu aðgengi að verkinu eða efninu, þ.m.t. til að viðkomandi hafi jafn greiðan og þægilegan aðgang að verkinu og einstaklingur sem ekki glímir við neina þá skerðingu eða fötlun sem um getur í 2. lið,
- 4) „viðurkennd eining“: eining sem er ekki rekin í hagnaðarskygni og sem fengið hefur viðurkenningu eða samþykki aðildarríkis til að veita rétthöfum þjónustu menntun, starfsmenntun, aðgang að aðlöguðum lestri eða aðgengi að upplýsingum. Þetta getur m.a. verið opinber stofnun eða samtök, sem eru ekki rekin í hagnaðarskygni, sem bjóða rétthöfum þjónustu þessa sömu þjónustu sem hluta af aðalstarfsemi sinni, stofnanaskuldbindingum eða hlutverki sínu við að veita þjónustu í almannaþágu.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

*3. gr.***Leyfð notkun**

1. Aðildarríkin skulu setja fram undantekningu þess efnis að ekki sé þörf á samþykki rétthafa höfundarréttar eða skyldra réttinda að verki eða öðru efni skv. 5. og 7. gr. tilskipunar 96/9/EB, 2., 3. og 4. gr. tilskipunar 2001/29/EB, 1. gr. (1. mgr.), 8. gr. (2. og 3. mgr.) og 9. gr. tilskipunar 2006/115/EB og 4. gr. tilskipunar 2009/24/EB vegna hvers kyns aðgerðar sem er nauðsynleg til þess að:

- a) rétthafi þjónustu, eða einstaklingur fyrir hönd hans, geti gert eintak á aðgengilegu formi af verki eða öðru efni, sem rétthafi þjónustu hefur lögumætan aðgang að og er eingöngu ætlað til nota hans og
- b) viðurkennd eining geti gert eintak á aðgengilegu formi af verki eða öðru efni sem hún hefur lögumætan aðgang að, eða miðlað eintaki á aðgengilegu formi, gert það aðgengilegt, dreift því eða lánað til rétthafa þjónustu eða annarrar viðurkenndrar einingar, sé það ekki gert í hagnaðarskyni og eingöngu til nota fyrir rétthafa þjónustunnar.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að sérhvert eintak á aðgengilegu formi virði heilleika verksins eða annars efnis, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þeirra breytinga sem nauðsynlegar eru til að gera verkið eða annað efni aðgengilegt á öðru formi.

3. Aðeins skal beita undantekningunni sem kveðið er á um í 1. mgr. í tilteknum undantekningartilvikum sem stríða ekki gegn eðlilegri hagnýtingu verksins eða annars efnis og skerða ekki með ósamngjörnum hætti lögumæta hagsmuni rétthafa þess.

4. Fyrsta, þriðja og fimmta undirgrein 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2001/29/EB skulu gilda um undantekninguna sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki sé hægt að hnekkja undantekningunni, sem kveðið er á um í 1. mgr., með samningi.

6. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að notkun sem er leyfð samkvæmt þessari tilskipun, sé hún í höndum viðurkenndra eininga með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra, heyrir undir bótakerfi innan þeirra marka sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

*4. gr.***Eintök á aðgengilegu formi á innri markaðnum**

Aðildarríkin skulu tryggja að viðurkennd eining með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra megi gera þær aðgerðir sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. fyrir rétthafa þjónustu eða aðra viðurkennda einingu með staðfestu í hvaða aðildarríki sem er. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að rétthafi þjónustu eða viðurkennd eining með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra megi fá eða hafa aðgang að eintaki á aðgengilegu formi frá viðurkenndri einingu með staðfestu í hvaða aðildarríki sem er.

*5. gr.***Skyldur viðurkenndra eininga**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðurkennd eining með staðfestu á yfirráðasvæði, sem framkvæmir aðgerðirnar sem um getur í 4. gr., setji sér starfsreglur og fylgi þeim til að tryggja að hún:

- a) dreifi, miðli og geri eintök á aðgengilegu formi einungis aðgengileg rétthöfum þjónustu eða öðrum viðurkenndum einingum,
- b) geri viðeigandi ráðstafanir til þess að vinna gegn óheimilli eftirgerð eintaka á aðgengilegu formi eða því að þeim sé dreift, miðlað til almennings eða þau gerð aðgengileg almenningi með óheimilum hætti,
- c) sýni tilhlýðilega kostgæfni við umsjón sína með verkum eða öðru efni og eintökum þeirra á aðgengilegu formi og haldi skrá um hana og
- d) birti og uppfæri, á vefsetri sínu ef við á eða eftir öðrum leiðum á Netinu eða utan þess, upplýsingar um hvernig hún uppfyllir þær skyldur sem mælt er fyrir um í a- til c-lið.

Aðildarríki skulu tryggja að starfsreglurnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, séu settar og þeim fylgt í fullu samræmi við gildandi reglur um vinnslu persónuupplýsinga um réttthafa þjónustu sem um getur í 7. gr.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðurkennd eining með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra, sem framkvæmir aðgerðirnar sem um getur í 4. gr., veiti réttihöfum þjónustu, öðrum viðurkenndum einingum eða réttihöfum verka eftirfarandi upplýsingar á aðgengilegan hátt, sé þess óskað:

a) skrá yfir þau verk eða annað efni sem hún hefur eintök af á aðgengilegu formi og á hvaða formi þau eru tiltæk og

b) heiti og samskiptaupplýsingar viðurkenndra eininga sem hún hefur skipst á eintökum á aðgengilegu formi við skv. 4. gr.

6. gr.

### Gagnsæi og upplýsingaskipti

1. Aðildarríkin skulu hvetja viðurkenndar einingar með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra, sem framkvæma aðgerðirnar sem um getur í 4. gr. þessarar tilskipunar og 3. og 4. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1563, til þess að tilkynna þeim, að eigin vild, heiti sín og samskiptaupplýsingar.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té allar þær upplýsingar sem þeim hafa borist skv. 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum á Netinu á miðlægum aðgangsstað fyrir upplýsingar og uppfæra þær reglulega.

7. gr.

### Vernd persónuupplýsinga

Vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer innan ramma þessarar tilskipunar skal vera í samræmi við tilskipanir 95/46/EB og 2002/58/EB.

8. gr.

### Breyting á tilskipun 2001/29/EB

Í stað b-liðar 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB kemur eftirfarandi:

„b) ef um er að ræða notkun í þágu fólks með fötlun og notkunin er í beinu sambandi við fötlunina og ekki viðskiptalegs eðlis og að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vegna þessarar tilteknu fötlunar, sbr. þó skyldur aðildarríkjanna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1564 (\*),

---

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1564 frá 13. september 2017 um tiltekna leyfilega notkun á tilteknum verkum og öðru efni sem er verndað af höfundarrétti og skyldum réttindum í þágu blindra, sjónskertra eða þeirra sem glíma við aðra prentleturshömlun og um breytingu á tilskipun 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtið. ESB L 242, 20.9.2017, bls. 6).“

9. gr.

### Skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 11. október 2020, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins um framboð á verkum og öðru efni á aðgengilegu formi, öðrum en þeim sem skilgreind eru í 1. lið 2. gr., fyrir réttthafa þjónustu, og á verkum og öðru efni fyrir fólk með annars konar fötlun en um getur í 2. lið 2. gr., á innri markaðnum. Í skýrslunni skal taka tillit til þróunar á sviði viðkomandi tækni og skal hún innihalda mat á hvort viðeigandi er að víkka gildissvið þessarar tilskipunar í því skyni að bæta aðgengi að öðrum tegundum verka og annars efnis og bæta aðgengi fólks með annars konar fötlun en fellur undir þessa tilskipun.

*10. gr.***Endurskoðun**

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 11. október 2023, láta fara fram mat á þessari tilskipun og leggja skýrslu með helstu niðurstöðum fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins, ásamt tillögum um breytingar á þessari tilskipun ef við á. Slíkt mat skal fela í sér úttekt á því hvaða áhrif bótakerfi, sem aðildarríki kveða á um skv. 6. mgr. 3. gr., hafa á framboð á eintökum á aðgengilegu formi fyrir réthafa þjónustu og á miðlun þeirra yfir landamæri. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal taka tillit til sjónarmiða viðeigandi aðila hins borgaralega samfélags og frjálsra félagasamtaka, þ.m.t. samtaka sem koma fram fyrir hönd fólks með fötlun og fyrir hönd eldri borgara.
2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að semja skýrsluna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og skýrsluna sem um getur í 9. gr.
3. Aðildarríki, sem hefur gildar ástæður til að telja að framkvæmd þessarar tilskipunar hafi umtalsverð neikvæð áhrif á framboð á markaði á verkum eða öðru efni á aðgengilegu formi fyrir réthafa þjónustu, er heimilt að leggja málið með öllum viðeigandi gögnum fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til slíkra gagna þegar hún semur skýrsluna sem um getur í 1. mgr.

*11. gr.***Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 11. október 2018. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*12. gr.***Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*13. gr.***Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 13. september 2017.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

A. Tajani

*forseti.*

*fyrir hönd ráðsins*

M. MAASIKAS

*forseti.*